



## RANGÁRÞING EYSTRÁ

### Reglur og gjaldskrá fyrir Skólaskjól Hvolsskóla

#### 1. gr.

Foreldrar/ forráðarmenn sem ætla að nýta þjónustu Skólaskjóls þurfa að sækja um fyrir börn sín skriflega á þar til gerðum eyðublöðum sem fást hjá ritara skólans. Ef barn ætlar að hætta í Skólaskjóli skal berast skrifleg tilkynning með mánaðar fyrirvara frá foreldri/ forráðamanni til ritara skólans. Eyðublað fæst hjá ritara og miðast uppsögnin við 1. eða 15. dag hvers mánaðar. Hægt er að skrá barn í 1-5 daga í Skólaskjóli í viku. Skólaskjólið er fyrir börn í 1.– 4. bekk í Hvolsskóla.

#### 2. gr.

Í Skólaskjóli gilda skólareglur Hvolsskóla. Boðið er upp á vistun í Skólaskjóli alla virka daga á skólaárinu, líka þá sem eru ekki nemendadagar í skólanum. Ef þjónusta er nýtt á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það kr. 1.500,- á dag. Sækja þarf sérstaklega um þá vistun. Opnunartími er frá því skóla lýkur til kl. 17.00 alla daga nema til kl. 16 á föstudögum. Þá daga sem eru ekki nemendadagar í skólanum opnar Skólaskjólið kl. 8. Fyrir fulla vistun í Skólaskjóli greiðast kr. 6.900,-. Fyrir síðdegishressingu í fullri vistun er greitt kr. 1.900,-. Upphæð gjalds er bundið vísitölu neysluverðs miðað við 1. desember ár hvert og uppfæriskr. 1. janúar ár hvert.

#### 3. gr.

Rangárbíng eystra sendir giróseðil vegna þjónustugjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

#### 4. gr.

Að jafnaði koma forföll ekki til frádráttar þjónustugjöldum nema um veruleg forföll sé að ræða og skal það metið í hverju tilfalli fyrir sig af skólastjóra.

Tilkynna þarf forföll í Skólaskjóli til ritara skólans. Umsjónarmaður í Skólaskjóli heldur dagbók yfir þá sem nýta skjólið. Sími í Skólaskjóli er 841-8604 og hjá ritara 488-4240.

#### 5. gr.

Ef foreldrar /forráðamenn barna í Skólaskjóli eru jafnframt með barn í leikskóla í Rangárbíngi eystra, er veittur 25% afsláttur af mánaðargjaldi. Ef foreldrar/forráðamenn eiga tvö börn í Skólaskjóli er veittur 50% afsláttur af mánaðargjaldi fyrir annað barnið. Ef tvö börn eru í Skólaskjóli auk barns í leikskóla er veittur 25% afsláttur fyrir annað barnið í Skólaskjóli og 50% afsláttur fyrir hitt barnið í Skólaskjóli.

Alltaf er greitt fullt gjald fyrir síðdegishressingu.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárbíngs eystra 6. október 2011